

Fundargerð 20. fundar ferðamálaráðs

Fundur haldinn fimmtudaginn 4. september 2008, kl. 10:15 á Hótel Þórshamri í Vestmannaeyjum.

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir formaður, Einar Karl Haraldsson varaformaður, Anna G. Sverrisdóttir, Dóra Magnúsdóttir, Gunnar Sigurðsson, Sævar Skaptason, Jón Ásbergsson, Pétur Rafnsson. Einnig áheyrnarfulltrúarnir Helga Haraldsdóttir og Ólöf Ýrr Atladóttir.

Forföll boðuðu: Dagur B. Eggertsson og Helgi Már Björgvinsson.

Helga Haraldsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá

Fundargerð síðasta fundar.

Fjármögnun almennagæða.

Ferðapjónusta í Vestmannaeyjum.

Önnur mál.

Formaður býður ferðamálaráð velkomið til þessa fundar í Vestmannaeyjum en þetta er fyrsti fundur ráðsins á þessu ári sem haldinn er utan Reykjavíkur.

1. Fundargerð 19. fundar samþykkt.

2. Fjármögnun almennagæða.

Ferðamálaráð hafði á milli funda fengið senda skýrslu sem fyrrv. ferðamálastjóri vann fyrir iðnaðarráðuneytið á vordögum.

Miklar umræður spunnust um efni skýrslunnar.

Fram að kom að infrastrúktúr og fjölgun ferðamanna haldist ekki lengur í hendur og þó að enginn í t.d. SAF myndi „hoppa af kæti“ yfir hugmyndum sem þessum séu þær tímabærar. Gistináttgjald hafi ávallt fallið í grýttan farveg þar og sennilega

auðveldara að ná sátt um brottfarargjald. Þá komu fram einnig fram efasemdir um sérstakt gjald enda hefði ríkið þegar gríðarlegar tekjur af ferðamönnum og gæti látið hluta þeirra renna til uppbyggingar ferðamannastaða.

Rætt var um að sveitarfélögin hefðu orðið útundan í umræðunni en þau þurfi að axla meiri ábyrgð er kemur að fjármögnun og uppbyggingu ferðamannastaða. Einnig var rætt um að þessa peninga vantaði og því nauðsynlegt að gera breytingar en að málið yrði jafnframt skoðað heildrænt og í nánú samstarfi við umhverfisyfirvöld.

Kynnt var fyrirhugað verklag í iðnaðarráðuneytinu við gerð frumvarps um leiðir til fjármögnunar.

Formaður óskaði eftir að sá lögfræðingur sem ráðuneytið fengi til verksins kæmi á næsta fund ferðamálaráðs.

3. Kynning á ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum.

Ellíði Vignisson bæjarstjóri og Kristín Jóhannsdóttir markaðs- og ferðamálafulltrúi mættu á fundinn og kynntu ítarlega stöðu ferðamála í Vestmannaeyjum, sögu þeirra, tölfræði og stöðuna m.v. daginn í dag. Einnig kynntu þau ferðamálaráði samgöngumáta til Eyja nú og í framtíðinni og þá gistimöguleika og afþreyingu sem er í boði. Þau lýstu styrk ferðaþjónustunnar sem og veikleikum.

Þá var farið ítarlega yfir framtíðarsýn Eyjamanna á sviði ferðaþjónustu en hún byggir á þremur stöðum: Eldheimum, Sagnheimum og Sæheimum. Mikil bjartsýni er ríkjandi og stefnan skýr.

Að þessari fróðlegu kynningu lokinni þakkaði formaður þeim Elliða og Kristínu kærlega fyrir komuna á fundinn og fyrir þann innblástur sem erindi þeirra var ferðamálaráði.

Formlegum fundi var slitið kl. 11:45 en þá var haldið í stutta skoðunarferð og síðan í hádegisverð í Gólfskálann.

Þá var í framhaldinu fundað með aðilum í ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum þar sem fram kom mikil ánægja með að Flugfélag Íslands flygi á ný til Eyja og að fjölgun hefði orðið á ferðum Herjólfis. Þá ríkti mikil ánægja með viðskiptin í sumar. Umræðan fór síðan eðlilega um víðan völlu; allt frá sjússamælum til fasteignagjalda. Það vegarnesti sem fundurinn vildi að ferðamálaráð tæki með sér var að bæta þyrfti bókunarkerfi Herjólfis og tryggja rútuferðir í tengslum við næturferðir ferjunnar.

Eftir fundinn var farið í heimsókn í Byggðasafnið, Náttúrugripasafnið og Pompei norðursins skoðuð. Einnig var kynning á ráðstefnu- og fundaraðstöðu á svæðinu. Veðrið lék við gestina og Vestmannaeyjar sönnuðu enn sem fyrr að þær eru engu líkar.

Iðnaðarráðherra bauð ferðamálaráði ásamt framvörðum ferðaþjónustunnar í Vestmannaeyjum til kvöldverðar. Í ræðu sinni við það tækifæri rakti hann mótvægisáðgerðir ríkisstjórnarinnar á sviði ferðaþjónustu, 100 millj. af byggðaáætlun til þróunarverkefna í ferðamálum, aukið framlag til markaðsmála á þessu ári og útlitið fyrir næsta ár. Þá benti hann á sérstöðu Eyjanna og þá einstöku möguleika sem þar bjóðast t.d. í notkun hreinna orkugjafa.

Að þessari ferð lokinn var á ráðsmönnum að heyra að fræðsluferðir af þessu tagi væru ferðamálaráði algjörlega nauðsynlegar svo það gæti ræktað hlutverk sitt.